

Aðalstjórn UMF Stjörnunnar

Stjórnarfundur haldinn á TEAMS, miðvikudaginn 12. apríl 2023, kl. 17:15

Mætt: Sigurður Guðmundsson (SG), Erling Ásgeirsson (EÁ), Gunnar Berg Viktorsson (GBV), Þórdís B. Sigurbjörnsdóttir (ÞBS), Ingvar H. Ragnarsson (IHR) og Heiðrún Jónsdóttir (HJ),

Forfallaðir: Sigrún Lilja Guðbjartsdóttir (SLG),

Einnig sat fundinn Baldvin Sturluson (BS) framkvæmdastjóri sem ritaði fundargerðina.

Fundargerð:

Formaður aðalstjórnar, SG, setti fundinn og stýrði.

Fundargerð fundar aðalstjórnar þann 24. mars 2023 lögð fyrir og samþykkt.

1. Aðalfundur 2023 vegna ársins 2022

BS fór yfir þau atriði sem stjórn þarf að samþykkja fyrir aðalfund sem haldinn verður 3. maí næstkomandi. BS lagði fyrir stjórn tilnefningar frá deildum fyrir lið, þjálfara, íþróttamann og deild ársins. Stjórn ákvað að veita mfl kvenna í knattspyrnu lið ársins, Kristjáni Guðmundssyni þjálfara ársins, Ástu Kristinsdóttur íþróttamann ársins og Fimleikadeild deild ársins. Stjórn samþykkti að fá Lúðvík Örn Steinarsson til þess að stýra aðalfundinum og BS mun verða ritari. BS minnti stjórnarmenn á að ÞBS, HJ og EÁ væru í kjöri til stjórnar og að það þyrfti að tilkynna með viku fyrirvara ef fólk hefðu hug á að sækjast eftir endurkjöri. BS fór yfir dagskrá fundarinnar og var hún samþykkt.

Niðurstaða: Til upplýsinga

Annað var ekki rætt og fundi slitið kl. 18:00 – ritað BS